

Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stells Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST2021111-020/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – tegundabreyting – landeldisstöð Arnarlax ehf. á Laxabraut 5 í Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Framkvæmdarlýsing

Arnarlax ehf. (hér eftir nefndur rekstraraðili) hyggst hefja eldi á laxaseiðum í fiskeldisstöðinni að Laxabraut 5, Þorlákshöfn. Núgildandi starfsleyfi fyrir starfsemina heimilar 1.200 tonna framleiðslu á bleikju á ári og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun heimilar 900 tonna hámarkslífsmassa á hverjum tíma. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að rekstraraðili fyrirhugar að ala laxaseiði auk bleikju með 900 tonna hámarkslífsmassa á hverjum tíma. Slátrun á staðnum og vinnsla á matfiski verður hætt. Að öðru leyti verður starfsemin í stöðinni óbreytt. Engar fyrirhugaðar breytingar eru á vatnstöku eða fráveitumálum.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu segir að helstu áhrifaþættir framkvæmdar séu vatnstaka og losun frárennslis en þeir umhverfisþættir sem gætu orðið fyrir áhrifum eru grunnvatn og strandsjór og lífríki fjöru og strandsjávar. Þá kemur fram að fylgst verði með hitastigi og seltu grunnvatns sem dælt verður úr borholum við Laxabraut 5 auk styrk næringarefna og svifagna í frárennslisvatni frá stöðinni. Bent er á að önnur fiskeldisfyrirtæki eru á svæðinu sem leiðir til samlegðaráhrifa og rekstraraðili mun taka þátt í sameiginlegri vöktun á ástandi grunnvatnsgeymis og viðtaka svæðisins ef slík vöktun verður sett á fót. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og hvetur fiskeldisfyrirtækin á svæðinu til að koma á sameiginlegri vöktun.

Úrgangur

Í tilkynningarskýrslu segir að dauðfiski verði komið til viðurkenndra aðila til endurnýtingar. Umhverfisstofnun bendir á að fastefnið sem síast frá í hreinsikerfum

frárennslið fiskeldis hefur hátt næringargildi og er einnig mjög hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis úr frárennsli.¹

Losun

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um næringarefni í nýju leyfi verða miðaðar við 10 kg/tonn af fosfór en ekki 14 kg/tonn líkt og í núgildandi leyfi. Enn fremur vekur stofnunin athygli á því að ef losun fer yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru í starfsleyfi verður gerð krafa um aukna hreinsun.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda fyrirspurn um matsskyldu og telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni. Stofnunin telur að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að hafa aukin umhverfisáhrif umfram það sem verið hefur og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 23. nóvember 2021
Málsnúmer: 2111008 GJ
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Á 26. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 18.11.2021 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

Umsögn um matsskyldu - Arnarlax Laxabraut 5

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um fyrirspurn um matsskyldu varðandi eldi sem Arnarlax er með á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn og laxeldi þar í stað bleikjueldis, með 900 tonna hámarks lífmassa á hverjum tíma. Hugmyndir eru að breyta framleiðslu í eldisstöð fyrirtækisins úr bleikjueldi í laxeldi. Þó er gert ráð fyrir að áfram verði unnt að ala bleikju í stöðinni.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Sveitarfélagið Ölfus telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Sveitarfélagið Ölfus telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Í viðhengi er tillaga að bókun/umsögn


Afgreiðsla: Sveitarfélagið Ölfus telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Þó vill sveitarfélagið benda á mikilvægt þess er að hreinsisúr í frárennsli sem framkvæmdaraðili lýsir stuttlega í skýrslu virki sem skyldi og að eftirlit sé haft með virkni, m.a. með sýnatöku í frárennsli. Frárennsli stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildir séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Sveitarfélagið telur að ristar/sleppigildir skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar. Einnig telur sveitarfélagið að lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fódurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skuli ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gámum/ílátum. Þá leggur sveitarfélagið áherslu á að gönguleið við strandlengju neðan stöðvarinnar sem fram kemur í aðalskipulagi sé haldið opin og bendir á mikilvægi þess að ljósmengun frá stöðinni verði haldið í lámarki með viðeigandi áðgerðum, skermun og ljósabúnaði.

Sveitarfélagið Ölfus telur ekki að umsögnin geri að öðru leiti ágætlega grein fyrir framkvæmdin og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvaldið á lóðinni.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Jónsson
skipulagsfulltrúi Ölfuss



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 21. desember 2021
2112062HS SHJ

Efni: Arnarlax, eldi á laxaseiðum í Þorlákshöfn - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 2. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Arnarlax að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.

Fyrirhuguð breyting á starfsemi felst í því að reka blandað eldi á bleikju- og laxaseiðum í stað bleikjueldis í matfiskastærð, þó áfram verði gert ráð fyrir að mögulegt sé að ala bleikju í stöðinni. Jafnframt verður slátrun og vinnsla á bleikjuáfurðum í vinnsluhúsi stöðvarinnar hætt. Áformað er að auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvarinnar í 900 tonn af lifmassa á hverjum tíma í stað 1.200 tonna ársframleiðslu. Á lóðinni eru 5 ferskvatnsholur og 5 sjóholur. Með notkun svokallaðs loftara má bæta nýtni vatnsins sem notað er við eldið og er gert ráð fyrir að auka megi lifmassa í sama magni af vatni um 30-40%. Gert er ráð fyrir að meðal vatnsnotkun eldisins verði um 600 l/s og að hámarki 900 l/s. Gert er ráð fyrir vöktun á grunnvatnsborði og seltu grunnvatns vegna vatnstöku annars vegar og áhrifum losunar fráveitu á viðtaka hins vegar, en líklegt er að losun lifrænna efna minnki frá því sem nú er vegna þess að slátrun og vinnsla verður hætt. Starfsemin er á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Ekkert deiliskipulag er til fyrir lóðina, en þar sem ekki stendur til að fara í framkvæmdir innan hennar í tengslum við fyrirhugaða breytingu á starfsemi, þarf ekki að ráðast í gerð deiliskipulags að svo stöddu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki háð neinum leyfum útgefnum af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lögum nr. 93/1995 um matvæli.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍKReykjavík, 6. desember 2021
Tilvísun: OS2021110014/22.2
Verknúmer: 3051380**Efni: Matsskylda breytinga á starfsemi í eldisstöð Arnarlax að Laxabraut 5**

Við er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 2. nóvember 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhuguð breyting á framleiðslu í eldisstöð Arnarlax ehf. að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn, sveitarfélaginu Ölfus, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar, nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlöndum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar. Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar.


Þess ber að geta að fyrir gildistöku auðlindalaganna árið 1998 var nýting grunnvatns ekki háð nýtingarleyfi. Fram kemur í gögnum málsins að fyrri starfsemi hafi hafist árið 1986 en fljótlega lagst af og nýir aðilar hafi tekið við stöðinni árið 2011.

Ekki hefur verið gefið út nýtingarleyfi fyrir töku grunnvatns vegna starfsemi að Laxabraut 5, hvorki við endurupptöku starfsemi árið 2011 né við stækkun þeirrar stöðvar árið 2014. Fram kemur hins vegar í gögnum framkvæmdaraðila að sótt verði um nýtingarleyfi til Orkustofnunar vegna starfseminnar. Stofnunin bendir á að að ásókn í grunnvatn úr Selvogsstraumi fer hratt vaxandi og mikil áform hafa verið kynnt um uppbyggingu fiskeldis sem byggir á þessari miklu en þó takmörkuðu auðlind. Mikilvægt er að rekstraraðilar fiskeldisstöðva og aðrir aðilar sem nýta auðlindina fari fram af ábyrgð og að fylgst sé með stöðu auðlindar og jafnvægi milli fersks og salts grunnvatns á svæðinu.


Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er stefnt að því að hefja eldi laxaseiða í stað núverandi bleikjueldi. Áformuð breyting á eldisstöðinni úr bleikjueldi yfir í eldi laxaseiða muni fela í sér töku á sambærilegu magni af grunnvatni og verið hafi og úr sömu holum. Í ljósi þess gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við framlagða tilkynningu Arnarlax. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Jafnframt er bent á að samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sjá mál 3 og 4/2019, telst nýtingarleyfi skv. auðlindalögum vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu nýtingarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Pórdís Stella Erlingsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 17. nóvember 2021
Tilvísun: 2111126

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um breytingu úr bleikjuframleiðslu í ræktun á laxa- og bleikjuseiðum eldisstöðvar Arnarlax hf að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.


Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 2. nóvember 2021, vegna breytingu úr bleikjuframleiðslu í ræktun á laxa- og bleikjuseiðum í eldisstöð Arnarlax hf að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn. Arnarlax hf (áður FISK-Seafood ehf) er með rekstrarleyfi FE-1179 í gildi fyrir hámarkslífmassa upp á 900 tonnum í seiða- og matfiskeldi á bleikju að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í tilkynningun um framkvæmd kemur fram að hámarkslífmassi stöðvarinnar verði óbreyttur 900 tonn. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu í eldisstarfseminni nema að því leiti að bætt verði við tegund og farið úr seiða- og matfiskeldi á bleikju yfir í seiðaeldi á laxi og bleikju. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim og telur að góð grein sé gerð fyrir fiskheldni stöðvarinnar í tilkynningu.

Matvælastofnun telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar


Karl Steinar Óskarsson
Deildarstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 24.11.2021
MFRI: 2021-11-0307

Efni: Eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn – fyrirspurn um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 2. nóvember 2021. Arnarlax ehf. hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. framangreindra laga.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt núverandi starfsleyfi stöðvarinnar er heimiluð framleiða á allt að 1.200 tonn af bleikju á ári. Rekstrarleyfið gerir ráð fyrir að ala megi 900 hámarkslífmassa á ári af bleikju. Sláturhús er hluti af eldisstöðinni skv. núverandi fyrirkomulagi með bleikju sem alin er þar í þaueldi. Eldisstöðin hefur verið í rekstri um nokkurt skeið og var keypt af Arnarlax ehf. í apríl 2021. Arnarlax áætla með þessari framkvæmd að leggja áherslu á eldi á laxaseiðum/unglögum til áframeldis í sjókvíum fyrirtækisins.

Í tilkynningu sem fylgdi erindinu kemur fram að ekki standi til að breyta fyrirkomulagi í eldisstöðinni vegna tegundabreytingarinnar, hvorki vatnstöku eða fyrirkomulag frárennslis. Sláturhús eldisstöðvarinnar verður lagt niður og telur Arnarlax að við breytinguna muni draga úr losun lífrænna efna frá eldisstöðinni. Laxarnir verða svo fluttir í sjókvíar fyrirtækisins með brunnbát þegar þeir hafa náð 700-2000 g. þyngd.

Titill erindisins bendir til þess að ala eigi laxaseiði í stöðinni sem er rétt, en ekki fyllilega lýsandi fyrir framkvæmdina eins og henni er lýst í meginmáli tilkynningarinnar. Um er að ræða eldi frá seiðum upp í unglaxa (700-2000 g.) sem á að flytja í eldiskvíar í sjó.

Umhverfisáhrif af frjóum norskum eldislaxi eru ólík þeim sem búast má við af bleikjueldi, komi til sleppinga þessara tegunda/stofna. Fram kemur að tvöfaldar sleppivarnir verði viðhafðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, á sama hátt og verið hefur til þessa með mögulegri aðlögun varna að stærð seiða eftir breytinguna. Mjög takmörkuð umfjöllun er um varnir gegn slysasleppingum í tilkynningunni. Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt er að viðhafa öruggar varnir ekki síst þar sem um er að ræða frjóan eldislax af norskum stofni. Því er mikilvægt að síunarbúnaður/ristar séu í samræmi við stærð fiska og hefur Hafrannsóknastofnun eindregið mælt með að tromlusíur séu í frárennsli. Það á einnig við um þessa framkvæmd.

Eins og fram hefur komið hyggst framkvæmdaraðili ekki gera breytingar á eldisstöðinni. Hafrannsóknastofnun bendir á að við eftirlit Matvælastofnunar (3. mars. 2021) voru gerðar athugasemdir við þessa eldisstöð og var sérstaklega fjallað um sjö frávík, þar af tvö alvarleg¹. Meðal atriða sem gerðar voru athugasemdir við var of mikið framleiðslumagn miðað við heimildir og skortur á upplýsingum um varnir gegn stroki og viðbrögðum komi til stroks. Þessi atriði eru sérstaklega tekin fram hér þar sem slysasleppingar og mengun frá fiskeldisstöðvum eru hluti af starfssviði Hafrannsóknastofnunar. Gera þarf grein fyrir hvernig brugðist hafi verið við athugasemdum um annmarka eldisstöðvarinnar ef það hefur verið gert. Sé raunin sú að ekki hafi verið gerðar úrbætur á eldisstöðinni eftir eftirlit Matvælastofnunar, þarf að bregðast við með viðeigandi úrbótum áður en eldi á laxi hefst.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

¹ <https://www.mast.is/static/files/eftirlitsnidurstodur/210303-eftirlit-fisk-seafood.pdf>

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 6. janúar 2022
Tilv. 2022-01-06-1103/2.4.1

Efni: Varðar Eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5, Þorlákshöfn

Með tölvupósti 2. nóvember 2021 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi fyrirspurnar um matsskyldu vegna fyrirhugaðs eldis Arnarlax á laxaseiðum til áframeldis í fiskeldisstöð að Laxabraut 5, Þorlákshöfn. Um er að ræða breytingu á notkun þannig að laxaseiði verði framleidd í stað bleikju. Famkvæmdaaðili telur að breyting á eldi í eldisstöðinni muni ekki hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif.

Fyrirhuguð fiskeldisstöð er ekki í næsta nágrenni við þekkt veiðivötn, en ósavæði Ölfusár er þó ekki langt undan.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Fram kemur í fyrirspurn um matskyldu að tvöfaldar sleppivarnir verði viðhafðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, á sama hátt og verið hefur til þessa með mögulegri aðlögun varna að stærð seiða. Einnig kemur fram að affall frá stöðinni fari til sjávar. Að teknu tilliti til þessa telur Fiskistofa að ekki verði miklar líkur á slysasleppingum frá stöðinni og ekki aukinni hættu vegna breyttrar starfsemi.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Fiskistofa telur að nægilega sé tekið tillit til þeirra þátta sem varða villta laxfiskastofna í fram lagðri fyrirspurn um matsskyldu og breyting á eldi í eldisstöðinni muni ekki fela í sér verulega breytingu á umhverfisáhrifum af starfseminni.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs